

Eldisstöðin að Auðbrekku á Húsavík

Mat á áhrifum losunar á vatnshlot

Mars 2024

Fyrir hvert vatnshlot gilda umhverfismarkmið, sbr. Vatnaáætlun Íslands frá 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011. Allar framkvæmdi sem geta hafa áhrif á vatnshlot, hvort slík áhrif eru líffræðileg, efna- og eðlisfræðileg skulu leggja mat á slík áhrif.

Eldisstöðin að Auðbrekku 9 í Húsavíkurbæ er í eigu N-Lax ehf., sem annast einnig daglegan rekstur.

Losun efna í viðtaka

Viðtaki eldisstöðvar er fráveitukerfi Húsavíkurbæ í Norðurþingi. Eldisstöðin er staðsett ofarlega í bæjarkjarnanum og hefur heimild til framleiðslu á allt að 20 tonnum af eldisfiski árlega. Hér er áætluð losun í viðtaka miðaða við hámarks leyfilega framleiðslu. Gert er ráð fyrir að á ársgrundvelli berist 5 tonn af föstum úrgangsefni í viðtaka. Þess utan berast uppleyst næringarefni í viðtaka. Samtals er áætlað á árlega berist í viðtaka rúm 1,2 tonn af köfnunarefni og 210 kg af fosfór (tafla 1).

Tafla 1. Magn (þurrefni) úrgangsefna í útrás eldistöðvar að Auðbrekku við framleiðslu á 20 tonna lífmassa árlega.

	Losun frá framleiðslu (kg/ár)
Úrgangsefni	
Sauragnir og fóðurleifar	5.000
Köfnunarefni – í föstu efni	210
Köfnunarefni - uppleyst efni	1.000
Fosfór – í föstu efni	120
Fosfór – uppleyst efni	90
Samtals losun í viðtaka	
Köfnunarefni	1.210
Fosfór	210

Áhrif losunar og ástand viðtaka

Ekki er hér lagt mat á áhrif losunar á viðtaka þar sem viðtakinn er ekki skilgreint vatnshlot. Viðtakinn er í umsjón og ábyrgð sveitarfélagsins Norðurþings, sem annast mat á gæðapáttum er varðar umhverfisviðmið fyrir hugsanleg áhrif af útrás frá Húsavík í Norðurþingi.